

Mánudaginn 13. september 1993.

Nr. 363/1993. **B**

gegn
dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Kærumál. Nauðungarvistun. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1993, sem barst réttinum 1. september 1993. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kveðið verði á um það, að vistun sín á sjúkrahúsi samkvæmt 3. mgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 hafi verið ólögmæt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 68/1984.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð dr. Sigurjóns B. Stefáns-sonar, sérfræðings í geðlækningum, sem var læknir sóknaraðila, er hann dvaldist á geðdeild Landspítalans að Kleppi, dagsett 27. ágúst 1993.

Varnaraðili reisir frávísunarkröfu sína á því, að nauðungarvistun sú, sem mál þetta snýst um, sé afstaðin. Nauðungarvistun samkvæmt 3. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga getur lengst staðið í 15 sólarhringa, sbr. 19. gr. sömu laga, og sé sóknaraðili ekki lengur vistaður á sjúkrahúsi. Krafa hans um að fella úrskurðinn úr gildi sé því beiðni um lögfræðilega álitssgerð, sem vísa beri frá Hæstarétti samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Fram er komið, að vistun sóknaraðila á sjúkrahúsi lauk 19. ágúst sl. Hefur hann því ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá réttinum.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, eru hvorki efni til að dæma kærumálskostnað né lagaskilyrði til að dæma talsmanni kæranda þóknun úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. ágúst 1993.

I.

Með símbréfi, dags. 3. ágúst 1993, hefur sóknaraðili, B, kt. [.....], til heimilis að gistiheimilinu [.....], en nú með dvalarstað á Kleppsspítalanum í Reykjavík, mótmælt ákvörðun dómsmálaráðuneytis, dags. 30. júlí 1993, um nauðungarvistun sína á sjúkrahúsi skv. 3. mgr. 13. gr. lögræðisлага nr. 68/1984.

Bréf sóknaraðila barst dómstólnum sama dag og það er ritað, en gögn þau, sem ákvörðun ráðuneytisins var reist á, bárust dómstólnum miðvikudaginn 4. ágúst sl. Málið var tekið fyrir í gær, fimmtudaginn 5. ágúst, til þess að gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt, sbr. 3. mgr. 18. gr. i. f. lögræðisлага nr. 68/1984. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins var ekki sótt þing. Er sóknaraðili hafði skýrt mál sitt, var málið tekið til úrskurðar.

Sóknaraðili óskaði ekki eftir skipun talsmanns.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, B, að ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. júlí 1993, um vistun hans á sjúkrahúsi skv. 3. mgr. 13. gr. lögræðisлага nr. 68/1984 verði felld úr gildi, er hafnað.
